

BORGARRÁÐ 16. mars 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við neyðarástandi í leikskólamálum - MSS22010084

Neyðarástand ríkir í leikskólamálum Reykjavíkurborgar. Loforð um leikskólalátt hafa ítrekað verið svikin. Leikskólaláttum hefur fækkað. Til stendur að loka alls 25 af 67 leikskólum næsta skólaár. Foreldrar eru í áfalli og miklir erfiðleikar blasa við þeim. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsingar um hvernig meirihlutinn hyggst bregðast við þessu ófremdarástandi. Stendur til að samþykkja tillögu Flokks fólksins um heimgreiðslur/styrki sem einn af valmöguleikunum í því úrræðaleysi sem nú ríkir? Hyggst meirihlutinn samþykkja tillögu Flokks fólksins um að styrkja dagforeldrakerfið til að mæta þessu ástandi?